

## **Drifskafið**

### **Hvatningarverðlaun Ungmenna 14-16 ára**

Drifskafið er hvatningarviðurkenning sem veitt er ungu íþróttafólki sem þykir efnilegt í sinni íþrótt, sýnir metnað í ástundun og framkomu og er góð fyrirmynd. Tilgangur þessarar viðurkenningar er að styðja við og hvetja áfram ungt og efnilegt íþróttafólk á svæðinu.

1. Viðkomandi skal stunda / keppa í íþrótt sinni fyrir aðildarfélag UDN
2. Viðkomandi skal vera 14-16 ára. Miða skal við fæðingarár fyrir það ár sem viðurkenning er veitt fyrir.
3. Viðkomandi íþróttamanneskja leggur sig fram, er stundvís, virðir reglur og hefur heilbrigði að leiðarljósi.
4. Viðkomandi er til fyrirmyndar í framkomu jafnt innan vallar sem utan.
5. Heimilt er að velja fleiri en eina manneskju ef umsóknir eru þess eðlis.
6. Árlega óskar UDN eftir tilnefningum frá aðildarfélögum, á þar til gerðu eyðublaði. Hvert aðildarfélag má senda inn allt að þrjár tilnefningar. Einnig getur stjórn UDN að eigin frumkvæði komið með tilnefningu.
7. Stjórn UDN ákveður á hverjum tíma hvernig verðlaununum skal háttað.

Samþykkt á 103. sambandsþingi UDN í Dalabúð, 17. apríl 2024.